

EIGENDASAMKOMULAG

Eftirtalin sveitarfélög, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Kópavogsbær, Garðabær og Hafnarfjarðarbær sem öll eru eigendur að SORPU bs. hafa samþykkt sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020. Svæðisáætlunin er unnin á grundvelli ákvæða laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Að framangreindri svæðisáætlun standa 4 sorpsamlög sem starfa í umboði 34 sveitarfélaga og þjóna liðlega 80% af heildaríbúafjölda landsins. Áætlunin hefur hlotið staðfestingu sveitarstjórna allra viðkomandi sveitarfélaga í svæðisáætluninni eru settar fram 10 tillögur um mögulegt samstarf sorpsamlaganna við meðhöndlun og förgun úrgangs á tímabilinu.

Í ljósi þess að brýnt er að sem fyrst liggi fyrir ákvörðun um fyrirkomulag framtíðarlausna við meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu, og þar sem nýjar kröfur og fyrirmæli kalla á aukið samstarf og sérhæfingu, innan og utan Starfssvæðis Sorpu bs, þá gera eigendur Sorpu bs. með sér eftirfarandi eigendasamkomulag um vinnu við mótun framtíðarlausna við meðhöndlun úrgangs.

1. grein. Meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi, Gas- og jarðgerðarstöð.

Í samræmi við forsendur og tillögur sem settar eru fram í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020 hefur Sorpa bs. unnið að fjárhagslegum og tæknilegum undirbúningi vegna byggingar og reksturs gas- og jarðgerðarstöðvar á athafnasvæði byggðasamlagsins í Álfsnesi.

Eigendur Sorpu bs. eru sammála um að ljúka sem fyrst framangreindum undirbúningi þannig að hægt verði að taka endanlega ákvörðun um tæknilega hönnun, fjármögnun og byggingu slíkrar gas- og jarðgerðarstöðvar eigi síðar en 31. desember 2013. Gengið hefur verið út frá því að stofnkostnaður verði um 2 milljarðar króna. Við áframhaldandi útfærslu þessa verkefnis verði m.a. unnið út frá eftirfarandi forsendum um tæknilega útfærslu og frágang stöðvarinnar :

1.1. Móttaka og forvinnsla heimilísúrgangs

Móttaka og forvinnsla heimilísúrgangs fari áfram fram í Gufunesi.

1.2. Meðhöndlun lífræns úrgangs.

Meðhöndlun lífræns úrgangs í sérstakri gas- og jarðgerðarstöð sem fyrirhugað er að setja upp í Álfsnesi fari fram með ströngum skilyrðum, sem felast í eftirfarandi:

- Lögð verði áhersla á fullkomnar (skv. bestu fánlegu tækni) mengunarvarnir í stöðinni og notaðar lífsíur og aðrar þær bestu lausnir sem fánlegar eru á markaði.
- Stöðin verði byggð í einum áfanga, Stöðin verði tekin í notkun innan 2ja til 3ja ára frá undirritun þessa samkomulags. Fjárfestingar- og rekstraráætlun sem og arðsemismat væntanlegrar gasgerðarstöðvar skal taka mið af ofangreindum forsendum um uppbyggingarhraða og tæknilega útfærslu og frágang stöðvarinnar og athafnasvæðis hennar.
- Stöðin verði staðsett sem fjærst þéttbýli í Mosfellsbæ, norðarlega á nesinu eins og sýnt er á fylgiskjali 1, þar sem litlar líkur eru á lyktarmengun í byggð og stöðin er lítið sýnileg frá Mosfellsbæ.
- Móttökurými stöðvarinnar verði yfirbyggt og lokað, með millirými sem er þannig hannað að ekki sé opið beint úr vinnslurými og út til að koma í veg fyrir að lykt úr vinnslurými geti borist út í andrúmsloftið.
- Það rými sem moltuefni er losað út úr verði yfirbyggt og lokað, með millirými sem er þannig hannað að ekki sé opið beint úr vinnslurými og út til að koma í veg fyrir að lykt úr vinnslurými geti borist út í andrúmsloftið.

- f. Skoðað verði sérstaklega hvort ástæða sé til þess að setja upp stromp til að koma útblæstri frá starfseminni ofar í andrúmsloftið til að minnka líkur á að lyktarmengun.
- g. Gera þarf ráð fyrir að moltuefni sem fellur til sem lokaafurð í ferlinu verði nýtt annars staðar en í Álfsnesi. Ef moltuefni er geymt í Álfsnesi að lokinni vinnslu áður en það er flutt brott til nýtingar annars staðar, skal það geymt í yfirbyggðu rými þar sem ekki er hætt á að lyktarmengun berist út í umhverfið.

1.3. Móttaka og meðhöndlun á lyktarsterkum úrgangi

Strax verði hafist handa við lokun á Gými, móttöku fyrir lyktarsterkan úrgang, og skal unnið í samræmi við verkáætlun sbr. fylgiskjal 2. Öll meðhöndlun á lyktarsterkum úrgangi meðan unnið verður að lokun Gýmis skal vera í samræmi við ákvæði og lýsingu í fylgiskjali 2.

1.4. Lokun urðunarstaðar í Álfsnesi

Hætt verði að urða í Álfsnesi innan 4 - 5 ára frá undirritun samkomulags þessa. Verklag að undirbúningi lokunar urðunarstaðarins verði í samræmi við áætlun og tímaviðmið í fylgiskjali 3.

1.5. Annað

- a. Höfuðstöðvar SORPU verði staðsettar þar sem meginstarfsemi byggðasamlagsins fer fram.
- b. Fram fari eftirlit óháðs aðila með þeirri starfsemi sem fram fer í Álfsnesi, s.s. verkfræðistofu sem fylgist sérstaklega með atriðum sem snúa að lyktarmengun og ónæði fyrir íbúa í nágrenni. Kostnaður vegna þessa eftirlits skal greiddur af sveitarfélögunum og teljast hluti af starfi sérstaks stýrihóps sbr. hér að neðan.

Í framhaldi af undirritun samkomulags þessa munu samningsaðilar skipa sértakan stýrihóp sem hafa mun umsjón með framkvæmd og framvindu þeirra ákvæða sem tilgreind eru hér að ofan. Stýrihópurinn skal vistaður hjá SSH skal vinna náið með SORPU bs. og hönnuðum og ráðgjöfum sem koma að framkvæmd þeirra verkefna sem lýst er hér að framan. Kostnaður vegna vinnu stýrihópsins skal greiddur af sveitarfélögunum í hlutfalli við íbúatölu.

2. grein – Mótun framtíðarstefnu og mögulegs samstarfs sorpsamlaga um meðhöndlun og förgun úrgangs

Eigendur SORPU bs. skuldbinda sig til að vinna sameiginlega að heildarsýn til lengri framtíðarí úrgangsmálum þannig að förgun og urðun úrgangs verði á sem mest einni hendi svo nauðsynleg hagræðing í málaflokknum náist. Mikilvægt er að til séu leiðir til þess að taka á móti síauknu magni lífræns úrgangs úr stækkandi matvælageira, sóttmenguðum úrgangi og lyktarsterkum úrgangi sem ekki er mögulegt að formeðhöndla. Markmið er að byggðasamlagið hafi innan 3-5 ára aðgang að heildarlausn með jarð- og gasgerðarstöð, urðun, sem og brennslustöð (til dæmis Kólku eða aðra sambærilega sem staðsett væri annars staðar en í Álfsnesi). Skoðaðir verði allir kostir til aukins samstarfs og/eða sameiningar með það fyrir augum að nýta sem best þær fjárfestingar sem fyrir eru og fyrirsjáanlegt er að ráðast þurfi í.

Eigendur Sorpu bs. eru því sammála um að samhliða áframhaldandi vinnu vegna gas- og jarðgerðarstöðvar verði strax sett í gang markviss vinna við að meta fýsileika allra þeirra tillagna sem fram koma í núgildandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020 og kannað mögulegt samstarf sorpsamlaganna fjögurra, eða hluta þeirra við framkvæmd tillagnanna. Þessar tillögur lúta að:

- a) Aukinni efnisvinnslu, endurnotkun og endurnýtingu
- b) Gasgerð
- c) Jarðgerð
- d) Framleiðslu á brenni
- e) Brennslu
- f) Urðun
- g) Rekstri jarðvegstippa

- h) Aðgerðir til að draga úr myndun úrgangs
- i) Bætt skráning um uppruna, samsetningu og flæði úrgangs
- j) Samræming á verklagi við móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs.

Í samræmi við ákvæði í „samantekt – tillögugerð“ í núgildandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs verði því strax kallað eftir efldu samstarfi sorpsamlaganna með skipan sérstaks starfshóps sorpsamlaganna sem að áætluninni standa, og farið ítarlega yfir framangreinda kosti, settar verði fram tillögur um ný samstarfsverkefni sem aukið geta hagræðingu og skynsamlega verkaskiptingu við meðhöndlun og förgun úrgangs á starfssvæði sorpsamlaganna og skoðaðir allir kostir sem leitt geta til aukinnar hagræðingar og tæknilegra framfara við meðhöndlun úrgangs innan svæðisins.

Reykjavík 25. október 2013

Neðangreind fylgiskjöl skoðast sem hluti samnings þessa:

- Fylgiskjal 1: Staðsetning fyrirhugaðrar gas- og jarðgerðar í Álfsnesi
- Fylgiskjal 2: Tíma- og aðgerðaráætlun v. lokunar Gýmis, móttöku á lyktarsterkum úrgangi í Álfsnesi
- Fylgiskjal 3: Verklag og tímaviðmið vegna undirbúnings lokunar urðunarstaðar í Álfsnesi
- Fylgiskjal 4: Minnisblað Mosfellsbæjar frá 17.09. 2013